
Minnisblað

Viðtakandi: **Auður D. Kristinsdóttir, Kópavogsbæ**
Sendandi: **Rúnar D. Bjarnason, Mannvit**
Dreifing:
Dagsetning: **26.01.2022**
Skjalanúmer: **Fossvallarétt-yfirlit vegna framkvæmdaleyfisumsóknar**

Inngangur

Eftirfarandi er tekið saman að beiðni Auðar D. Kristinsdóttur, skipulagsfulltrúa Kópavogs, sbr. tölvupóst frá 30.12.2021.

Sauðfjáreigendafélag Kópavogs hefur sótt um framkvæmdaleyfi fyrir nýrri lögrétt norðan Suðurlandsvegar í stað núverandi Fossvallaréttar sem staðsett er sunnan vegarins. Framkvæmdin er ekki matsskyld. Umsóknin var grenndarkynnt og send umsagnaraðilum. Frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs barst umsögn með greinargerð þar sem hvatt er til þess að finna réttinni annan stað utan vatnsverndarsvæðisins. Heilbrigðisnefndin leggst þó ekki gegn framkvæmdinni.

Óskað var eftir að Mannvit færi yfir greinargerðina og kynningargögnin og gæfi mat á hugsanlegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar m.t.t vatnsverndarinnar.

Forsaga


Í gögnum kemur fram að upphaflega barst beiðni um framkvæmdina árið 2014 og gerði Skipulagsstofnun þá ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis. Ekki varð þó af framkvæmdum og er málið því endurvakið núna.

Kópavogsbær sendi umsókn um framkvæmdaleyfi til umsagnar eftirfarandi aðila í nóvember 2021: Landsnets, Umhverfisstofnunar, forsætisráðuneytisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs og Skipulagsstofnunar.

Möguleg umhverfisáhrif réttar

Kvaðir vegna staðsetningar

Fyrirhuguð ný staðsetning Fossvallaréttar er í landi Kópavogs, innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og einnig á nútímahrauni. Staðsetningu núverandi og fyrirhugaðrar Fossvallaréttar má sjá á mynd 1 hér að neðan.



Mynd 1 Gróf staðsetning fyrirhugaðrar réttar m.t.t. vatnsverndar.

Samþykkt nr. 555/2015 um vatnsvernd

Um starfsemi, ræktunarstörf, framkvæmdir og búfjárhald innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins gilda greinar 44-49 og grein 53 í samþykkt nr. 555/2015¹ um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum greinum samþykktarinnar er

¹

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/b_nr_555_2015_verndarsvaedi_vatnsverndar.pdf

fjallað um hvernig umgengni skal háttað innan fjarsvæðis vatnsverndar. Í meginatriðum á eftirfarandi við um fyrirhugaða framkvæmd við Fossvallarétt:

- Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir (45. gr.).
- Rekstraraðili þarf að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hættu sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs (45. gr.).
- Sækja þarf um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast (45. gr.).
- Skila þarf til heilbrigðisnefndar áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi (47. gr.).

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Um nútímahraun gildir grein 61 í lögum um náttúruvernd. Þar segir:

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

„a. eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma... Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.] Skýlt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar [Umhverfisstofnunar] og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.“

Aðalskipulag

Fyrirhuguð ný staðsetning Fossvallaréttar er á svæði sem skilgreint er sem óbyggð svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Um framkvæmdir á óbyggðum svæðum segir m.a. í skipulagi: „Framkvæmdir innan óbyggðra svæða taki tillit til náttúrulegs umhverfis og í samræmi við vöktun og heimsmarkmið 15.1 um sjálfbæra nýtingu og endurheimt vistkerfa.“

Aðrar kvaðir

Réttin verður staðsett nálægt Búrfellslínu 3 sem er 220 kV háspennulína Landsnets. Í kringum loftlínur ber að skilgreina lágmarksfjarlægð raflína til annarra mannvirkja, svonefnt helgunarsvæði af öryggisástæðum samkvæmt reglugerð nr. 678/2008 um raforkuvirki. Breidd helgunarsvæða er breytileg eftir haflengdum og útsveiflu leiðara, en helgunarsvæði fyrir 220 kV línu er að jafnaði 65-85 m eftir aðstæðum.

Notast verður við tengingu frá línuvegi, en línuvegur er tengdur við Suðurlandsveg, sem heyrir undir Vegagerðina. Um tengingar við þjóðvegi á við 29. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Gerð er grein fyrir ofangreindum þáttum í umsókn framkvæmdaraðila.

Umhverfisáhrif

Gera má ráð fyrir að áhrif verði mest á framkvæmdatíma. Eftirfarandi umhverfisþættir gætu orðið fyrir áhrifum:

Jarðfræði: Fyrirhuguð rétt verður staðsett á Leitarhrauni/Svínahrauni, sem er um 5200² ára gamalt og flokkast því undir nútímahraun sem heyrir undir sérstaka vernd skv. 61.gr. náttúruverndarlaga. Hraunið er að hluta raskað þar sem núverandi slóð liggur frá línuvegi. Miðað við upplýsingar í framkvæmdaleyfisumsókn verður heildarrask vegna réttarinnar um 2.750 m², að mestu leyti á nútímahrauni, og skiptist í eftirfarandi:

- Malarpúði undir veg: 1.200 m² (6m*200m)
- Malarpúði undir rétt: 750m²
- Malarpúði undir bílastæði 800 m²

Mikilvægt er að raski verði haldið í algjöru lágmarki til þess að lágmarka neikvæð áhrif á hraunið.

Gróðurfar: Miðað við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands verður réttin staðsett á mosahraunavist³. Mosi er algjörlega ríkjandi í gróðurþekju, mest hraungambri sem einkennir vistgerðina. Æðplöntur eru strjalar og lítið er um fléttur. Gróður er mjög lágvaxinn. Vistgerðin er fremur fátæk af æðplöntum en miðlungi rík af mosum og fléttum. Jarðvegur er grunnur og næringarsnauður, langmest klapparjörð en áfoksjörð finnst sums staðar í lægðum. Verndargildi er talið miðlungs.

Vatnafar: Nyrðri-Fossvallaá rennur nokkru norðan svæðisins. Réttin verður staðsett utan við 50 m helgunarlínu frá ánni.

Framkvæmdasvæðið allt er innan fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins. Eins og áður segir gildir samþykkt nr. 555/2015 um vatnsvernd um allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðisins. Mismunandi kröfur eru eftir því á hvaða stigi vatnsverndin er (sjá töflu 2). Um fjarsvæði gilda greinar 44-49 í samþykktinni. Mikilvægt er að ekki stafi hætta af mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Nota þarf vinnuvélar til flutnings á malarefni og mótunar á malarpúðum á framkvæmdatíma. Eins er gert ráð fyrir ökutækjum á rekstrartíma, a.m.k. þegar réttir eru að hausti. Til þess að koma í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á vatnsvernd þarf að gera kröfur til verktaka sem vinna að uppbyggingunni varðandi verklag og mengunarvarnir og minnka þannig hættu á mengun frá vinnuvélum. Möguleg slysa- og mengunarhætta getur skapast í tengslum við umferð á framkvæmdatíma um Suðurlandsveg og að svæði. Mengunarhætta getur skapast ef vinnuvélar verða fyrir óhappi

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <http://www.ni.is/greinar/mosahraunavist>

innan framkvæmdasvæðis sem veldur olíuleka. Á rekstrartíma getur skapast hættu á olíuleka á bílastæði.

Í áhættumati, sem skila þarf inn til heilbrigðisnefndar áður en sótt er um starfsleyfi (47. gr. samþykktar um vatnsvernd), þarf að taka á framangreindum mengunarpáttum, það er greina áhættu og koma fram með úrlausnir sem miða að því að koma í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á vatnafar vegna vatnsverndar, á framkvæmda- og rekstrartíma.

Samanburður á mögulegum áhrifum núverandi og fyrirhugaðrar staðsetningar á rekstrartíma

Á rekstrartíma réttar má helst búast við áhrifum m.t.t. vatnsverndar og öryggis. Í töflu 1 er stuttur samanburður á þessum þáttum. Í töflu 2 hér á eftir er samanburður á kröfum, sem settar eru fram í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, um framkvæmdir innan fjarsvæðis vatnsverndar annars vegar og framkvæmdir innan öryggissvæðis vegna grunnvatns hins vegar. Núverandi Fossvallarétt er staðsett innan öryggissvæðis en fyrirhuguð Fossvallarétt yrði staðsett innan fjarsvæðis.

Tafla 1 Samanburður á áhrifum á rekstrartíma milli núverandi og fyrirhugaðrar staðsetningar.

Málefni	Núverandi staðsetning	Fyrirhuguð staðsetning
Vatnsvernd	Öryggissvæði vegna grunnvatns: Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörð geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.	Fjarsvæði: Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.
		Vegir og samgöngur Eigandi vegar þarf að láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.
	Geymsla varasamra efna Sömu kröfur á rekstrartíma fyrir bæði svæði, sjá gr. 62 og 64 í töflu 2.	Geymsla varasamra efna Sömu kröfur á rekstrartíma fyrir bæði svæði, sjá gr. 50 og 52 í töflu 2.
		Búfjárhald Samkvæmt 53 gr. er óheimilt að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu. Þessi setning á líklega ekki við um fjárrétt þar sem búfé er staðsett í mjög takmarkaðan tíma.
	Salerni og rotþrær Sömu kröfur á rekstrartíma fyrir bæði svæði, sjá gr. 54 í töflu 2.	Salerni og rotþrær Sömu kröfur á rekstrartíma fyrir bæði svæði, sjá gr. 66 í töflu 2.
Öryggi	Skapar hættu vegna staðsetningar sunnan Suðurlandsvegur þegar afréttur er staðsettur norðan við veginn. Veldur því að reka þarf féð yfir Suðurlandsveg sem skapað getur óþægindi og hættu á slysum.	Rétt staðsett norðan Suðurlandsvegur, sömu megin og fé er á beit. Veldur því að ekki þarf að reka féð yfir Suðurlandsveg sem dregur úr óþægindum og slysaþættu.

Tafla 2 Samanburður á kröfum sem gerðar eru til framkvæmda og reksturs innan fjarsvæðis vatnsverndar og öryggissvæðis.

Samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015 - kröfur	Núverandi staðsetning	Fyrirhuguð staðsetning
Skilgreining á stigi vatnsverndar	Öryggissvæði vegna grunnvatns: Svæði þar sem talið er að efni sem berast í jörð geti mögulega borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða.	Fjarsvæði: Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.
Almennt	56. gr. Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hætta sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.	44. gr. Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast.
Vegir og samgöngur	57.gr. Áður en vegir eru gerðir, endurnýjaðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni.	40. gr. Við hönnun og uppbyggingu nýrri og eldri vega á fjarsvæðum skal umferðaröryggi og mengunarvarnir lagt til grundvallar. Þar sem hætta er á útafakstri og á veghlutum þar sem grunnvatnsrennsli er til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.
		41. gr. Áður en vegir eru gerðir eða lagðir bundnu slitlagi skal afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdinni. Leyfið skal ná til efna, sem nota á í vegstæði og til gerðar slitlags sem skal vera steinsteypa eða malbik, til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, til tímasetningar framkvæmda, staðsetningar vinnubúða og annarra atriða er málið kann að varða
		43. gr. Þar sem almennir vegir liggja inn á fjarsvæði vatnsbóla skal eigandi vegar láta koma fyrir skilti með nauðsynlegum upplýsingum fyrir vegfarendur um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.
Mengandi starfsemi		45. gr. Á fjarsvæði er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykktar heilbrigðisnefndar og skal starfsleyfi ekki veitt nema að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki, starfsemin sé í samræmi við skipulagsáætlanir og önnur ákvæði samþykktar þessarar.

Samþykkt um vatnsvernd nr. 555/2015 - kröfur	Núverandi staðsetning	Fyrirhuguð staðsetning
		47. gr. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.
Geymsla varasamra efna	62. gr. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.	50. gr. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.
	64. gr. Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem olíu, fúavarnarefna og annarra sambærilegra efna.	52. gr. Við viðhald bygginga, girðinga, raflína o.þ.h. skal gætt sérstakrar varúðar við notkun varasamra efna, svo sem olíu, fúavarnarefna og annarra sambærilegra efna.
Búfjárhald	65. gr. Búfjárhald á öryggissvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.	53. gr. Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu. Búfjárhald á fjarsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald. Samþykki heilbrigðisnefndar skal liggja fyrir á staðsetningu, gerð og fyrirkomulagi fráveitu taðþróa og haughúsa. Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni.
Salerni og rotþrær	4. gr. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.	66.gr. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir náðhúsum, salernum, fráveitum og rotþróum. Förgun á seyru og úrgangi úr þurrsalernum eða náðhúsum er óheimil á svæðinu.